

relaxation.is

RELAXATION CENTRE

NUDD OG SNYRTING

GARÐAPÓSTURINN

Bæjarblað Garðbæinga frá 1989

Apótek

Garðabæjar

Opið 9-18:30 virka daga
Opið 10-16 á laugardögum

Sími 577 5010

Litlatúni 3 · 210 Gbæ

Arion banki

Frétta- og auglýsingasími 697-4020 - valdimar@gp.is - Vefsíða Garðapóstsins. Vefsíða: www.kgp.is

20. tölublað 36. árgangur. Fimmtudagur 29. maí 2025

EKKI FESTAST Í KEÐJUM

Seldu fyrst og kaupu svo.
Ég aðstoða þig þar til þú finnur nýtt heimili.





Hannes
Löggiltur fasteignasali
699 5008
hannes@fastlind.is



FASTEIGNASALAN

TORG

KRAFTUR
TRAUST
ÁRANGUR



Darri Örn
löggiltur fasteignasali
Sími 767-0000



FLATEY

PIZZA NAPOLETANA

Garðatorgi 6. S.568 2666

Lyfjaval

HEILSA & HÁMINGJA



24/7
OPIÐ

Bílaapótek Lyfjaval
Hæðasmára

Tinna Þorsteinsdóttir

bæjarlistamaður Garðabæjar 2025



Bæjarlistamaður Garðabæjar árið 2025 er Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari

Píanóleikarinn Tinna Þorsteinsdóttir var útnefnd bæjarlistamaður Garðabæjar 2025 við hátíðlega athöfn í Sveinatungu sl. föstudag. Tinna hefur sérhæft sig í samtímatónlist og frumflutt um 100 einleiksverk, auk þess sem hún kennir við Tónlistarskóla Garðabæjar og sinnir listsköpun með börnum. Við athöfnina

lék hún verk eftir George Crumb. Þá voru einnig veittir tíu styrkir úr Hvatningarsjóði fyrir unga listamenn og hönnuði í tónlist, leiklist, dansi, fatahönnun og sýningarhaldi. Þar má nefna Bryndísi Ástu Magnúsdóttur sem söng aríu Puccinis við athöfnina og hyggst setja upp óperu í sumar. (Sjá frh. á bls. 2).

KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?



Verið velkominn með bílinn í skoðun, þið finnið næstu skoðunarstöð á frumherji.is





Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi



yuзу

yuзу HEFUR OPNAÐ Í LITLATÚNI, GARÐABÆ

"SUMIR SEGJA BESTI HAMBORGARI Í HEIMI"

yuзу

LEMON

HOMBÓ MÁNADARINS

TUNACADO & DAZED

MEIRA HOLLY - MEIRA NAMM



2.390 KR.

30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR

VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:









Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flügger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vídd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmíðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölu.

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / www.fastlind.is

Alls voru reist 25 hús með milligöngu Byggingarsamvinnufélag eldri borgara í Garðabæ á árunum 2016-2018 við Unnargrund.

Á fundinum verður jafnframt stutt kynning
á Byggingarsamvinnufélagi eldri borgara

Þeim fundargestum sem eru 50 ára eða eldri gefst kostur á að ganga í félagið á staðnum og sitja aðalfundinn.

Tinna Þorsteinsdóttir píanóleikari bæjarlistamaður Garðabæjar 2025



Bæjarstjóri, menningarfulltrúi og menningar- og safnanefnd ásamt þeim sem fengu styrki úr hvatningarsjóði

Við sama tilefni voru veittir styrkir úr Hvatningarsjóði fyrir unga hönnuði og listamenn en alls tíu styrkir voru veittir. Tónlistarmennirnir Ása Dóra Finnsdóttir pianóleikari, Bryndís Ásta Magnúsdóttir söpransöngkona, Birna Berg Bjarnadóttir jazzsöngkona, Matthías Helgi Sigurðarson



Bæjarstjóri, menningarfulltrúi og menningar- og safnanefnd ásamt Tinnu

gítarleikari fengu styrk fyrir tónleikahaldi og upptökukostnaði. Dansararnir Dilljá Sveinsdóttir og Anna Guðrún Tómasdóttir sem og Jasmína Eva Sigurðardóttir fengu styrki svo Garðbæingar geti notið dansviðburða. Þá var Leikfélagið Verðandi styrkt og nemendur á fátá- og textilhönnunarsviði Fjölbrautarskólans í Garðabæ. Listakonurnar Tinna Margrét Hrafnkelsdóttir, Guðrún Ágústa Gunnarsdóttir og Katrín Ýr Erlingsdóttir voru einnig styrktar

Við athöfnina söng styrkþeginn Bryndís Ásta Magnúsdóttir ariuna O Mio Babbino Caro eftir Puccini en hún ætlar ásamt hópi söngvenna að setja upp óperuna Suor Angelica eftir Puccini í sumar. Með Bryndísi Ástu lék Matthildur Anna Gísladóttir á píanó.



Opunarahátíð Sumarlesturs verður
haldin í Bókasafni Garðabæjar, Garða-
torgi, laugardaginn 31. maí kl.12-14. Þá
hefst lestrarátak fyrir grunnskólabörn
sem stendur til 23.ágúst og er ætlað að
hvetja til lesturs í sumarfríi skólanna
svo börnin missi ekki niður lestrar-
getuna vegna sumarhrífa.

Á hátíðinni verður mikið fjör en þá mæting blaðarinn og býr til furðudýr úr blöðrum, myndabás með drekapema verður á staðnum þar sem fjölskyldur geta leikið sér í skemmtilegri myndatöku með drekaskrauti og lestrardagbækur verða afhentar öllum læsissningilum sem skrá sig í Sumarlesturinn.

Læsisdreki bókasafnsins, hannaður af
lðunni Ömu myndskreyti, mun fylgja Sum-
arlestrinum í ár og hvetja alla til að finna
sinn eigin drekakraft, setja sér metnaðar-
full lestrarmarkmið, stunda eldkláran lestur
hvar og hvenær sem er og verða í frábæru
læsisformi í haust. Börnin geta fyllt út um-



Myndin er af börnum úr 1.bekk Flataskóla sem komu í kynningu á sumarlestri og bjuggu til sinn eigin læsisdreka

sagnarmiða um hverja lesna bók og sett í
lukkukassa en úr honum verður Læsisdrekki
vikunnar dreginn á fimmtudögum kl.12 og
fær hann bók í verðlaun.

Fjölbreytt fjör verður í boði á bókasafninu í hverri viku svo sem föndursmiðjur, útileikir

á torginu, ljósaborð og segulkubbar, lifleg
borðspil, þrívíddarprent og leshringur fyrir
fjölskyldur. Sumaráttakinn lýkur með fjörugri
uppskeruhátíð 23.ágúst þar sem allir eld-
klárir lestrardrekar fá glaðning og fagna sam-
an lestrardugnaðinum með skemmtiatrið-
um og góðgæti. Lesum saman í sumar!

189 kr.

Súrdeigs pítsukúla 220g



Prís



FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA



Frímann
897 2468



Hálf dán
898 5765



Ólöf
898 3075

Stapahrauni 5, Hafnarfirði
Sími: 565 9775
www.uth.is - uth@uth.is



KVEÐJUHÓF

fyrir Bjarna Benediktsson



Stjórn málaferill Bjarna Benediktssonar hófst í stjórn Hugins, félagi ungra sjálfstæðismanna, árið 1991. Síðar tóku við 22 ár á Alþingi og 16 ár sem formaður Sjálfstæðisflokksins.

Sjálfstæðisfélögin í Garðabæ bjóða sjálfstæðismönnum og bæjarbúum að hittast og fagna ferli Bjarna.

Hófið fer fram þann 4. júní í Sveinatungu á Garðatorgi og hefst kl. 17:30.

Skráning fer fram í gegnum viðburð á Facebook síðu Sjálfstæðisfélagsins.

Verið öll innilega velkomin.

Sjálfstæðisfélag Garðabæjar
Huginn, f.u.s.

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með vinnslutillögu að breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Garðabæjar til forkynningar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Miðbær Garðabæjar, svæði I og II - Deiliskipulagsbreyting
Tillagan nær til lóðanna Garðatorg 1 (Bónus og Hönnunarsafn), Garðatorg 5A (yfirbyggð göngugata) og Hrísmóar 19 (bílastæðalóð).

Tillagan gerir ráð fyrir um 60 íbúðum í 6 hæða nýbyggingu í norðurhluta byggingarreits Garðatorgs 1 og á suðurhluta byggingareits er gert ráð fyrir 4 hæða atvinnuhúsnæði.

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með vinnslutillögu að deiliskipulag Móa til forkynningar í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Móar - Deiliskipulag

Tillagan nær til Hrísmóa, Lyngmóa og Kjarmóa. Að mestu eru þau ákvæði sem stuðst var við í uppbyggingu svæðisins óbreytt. Helstu breytingar frá núverandi ástandi nær til gatnakerfis í Hrísmóum. Markmið þeirra breytinga er að auka öryggi vegfarenda og samspil umferðar við Miðbæ Garðabæjar.

Tillögurnar eru aðgengilegar á vef Garðabæjar, www.gardabaer.is og á vef skipsgáttar, www.skipulagsgatt.is, Miðbær (mál: 1393/2024) og Móar (mál: 719/2025).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gerfinn kostur á að senda inn rafrænar ábendingar til og með 18. júní 2025 í gegnum vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING
TRAUST REYNSLA

Audbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | www.utforin.is

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Andrés Andrésson
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða utforin@utforin.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfirði | s: 565 5892 | www.utfararstofa.is



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Garðapósturinn. Útgefandi: Valdimar Tryggvi Kristófersson
Sími: 697 4020 Netfang: valdimar@gp.is Vefsíða: www.kgp.is

Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson

Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

Næsta tölublað kemur út 5. eða 12. júní. Skil 31. maí

Tónlist og samstaða á Jazzþorpinu

2.717.310 krónur söfnuðust til styrktar Krafts yfir Jazzþorpsshelgina með sölu á húsgögnum úr Góða hirðinum

Jazzþorpið í Garðabæ fór fram á Garðatorgi í maí og var þá torpinu breytt í ævintýraheim með húsgögnum og smámunum frá Góða hirðinum.

Tónlistarviðburðir, matur og drykkur sem og listamenn að störfum í fallegu umhverfi sem skapað var með gripum frá Góða hirðinum gerði Jazzþorpið að fjölskylduhátíð með jazzbragði. Allir munir voru til sölu til styrktar Krafts, stuðningsfélags fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur. Þá gáfu Trefjar heitan pott sem boðinn var upp í Jazzþorpinu.

Nú hefur það fé sem safnaðist með sölu á húsgögnum og smáhlutum úr Góða hirðinum verið afhent Krafti, en 2.717.310 krónur söfnuðust yfir Jazzþorpsshelgina.

Ómar Guðjónsson listrænn stjórnandi Jazzþorpsins, Ruth Einarssdóttir rekstrarstóri



Ómar Guðjónsson listrænn stjórnandi Jazzþorpsins, Ruth Einarssdóttir hjá Góða hirðinum og Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar afhentu Sólveigu Ásu Tryggvadóttur framkvæmdastjóra Krafts það fé sem safnaðist í Jazzþorpinu

Góða hirðinsins og Almar Guðmundsson bæjarstjóri Garðabæjar afhentu Krafti styrkinn, en það var Sólveig Ása Tryggva-

dóttir sem veitti honum viðtöku. Sólveig Ása afhenti hópnum gjafapoka í þakklætisskyni sem innihélt Lífið er núna-húfu.

Tvítugsafmæli Hyundai Tucson haldið hátíðlegt

Hyundai á Íslandi heldur upp á tuttugu ára afmæli sportjeplingsins Hyundai Tucson sem kom upphaflega á markað síðla árs 2004. Síðan hafa verið framleiddar rúmlega sjö milljónir eintaka fyrir alla helstu markaði heims. Laugardaginn 31. maí heldur Hyundai á Íslandi við Kaupþún í Garðabæ upp á 20 ára afmæli Tucson með kynningu á sérstakri afmælisútgáfu bílsins ásamt því að bjóða gestum í pylsuparty og börnunum andlitsmálningu.

Sérkennandi afmælisútgáfa

Afmælisútgáfan Hyundai Tucson 20th Anniversary Edition kemur í möttum furugrænum lit með svörtum speglum og gluggaköntum og á 19 tommu satíngráum álfelgum. Billinn er búinn ríkulegri aukabúnaði en grunngerð bílsins, svo sem svörtum leðursætum með textíl og furugrænum saumi, sérstakri hurðasyllu með afmælismerkinu sem einnig er á höf-



Meðfylgjandi mynd er af Tucson af fyrstu kynslóð og nýja Tucson 20th Anniversary Edition sem Hyundai á Íslandi kynnir í takmörkuðu magni laugardaginn 31. maí

uðpúðum og utanverðum afturhlara svo nokkuð sé nefnt. Í bílnum eru tveir 12,3" stafrænir skjáir, annar fyrir mælaborð og hinn upplýsingasnertiskjáinn. Einnig er í afmælisútgáfunni vandað hljóðkerfi með átta hátölurum auk bassahátalara frá Krell, þriggja svæða loftkæling auk upphitanlegra og loftræstra framsæta svo nokkuð sé nefnt.

252 hestafla PHEV

Hyundai á Íslandi býður afmælisútgáfu Tucson í aldrifinni tengiltvinnútfærslu (plug-in hybrid) við 1,6 lítra og 252 hestafla bensinvél við sjálfskiptingu og billinn allt að 63 km drægni á rafhlöðunni. Hægt er að kynna sér verð og mismunandi búnaðarútfærslur á öðrum gerðum Tucson í verðlista á hyundai.is.



ÚRVAL ÚTSÝN



FJÖLDI BROTTFARA Í BOÐI

SÓLARTILBOÐ TENERIFE
JÚNÍ BROTTFARIR - TILBOÐ GILDIR Í VIKU



Bókaðu sólarfrí í júní fyrir alla fjölskylduna á frá bæru verði. Fjölbreyttar gistingar, 25°C+ og sólskin. Fáðu allan sólarþakkann á frábæru verði á uu.is



FRÁ **75.500 KR.***

*Verð á mann m.v. 4 saman. Innifalið: Beint flug, gisting, ferðataska og handfarangur.

ÚRVAL ÚTSÝN HLÍÐASMÁRI 6 585 4000 [INFO@UU.IS](mailto:info@uu.is) [UU.IS](http://uu.is)

Viðarvörn fyrir íslenskar aðstæður



Notaðu sumarið til að verja viðinn!

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss.
Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd
einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Kjörvari - fyrir íslenskar aðstæður

málning
- það segir sig sjálft -

Útsölustaðir Málningar: BYKO, Kópavogi • BYKO, Granda • BAUHAUS • Garðar Jónsson málarameistari, Akranesi • Smiðjan Fönn, Hellissandi
• Málningarbúðin, Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málarameistari, Hvammstanga • Lífland, Blönduósi • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO, Akureyri • Ísfell, Ólafsfirði
• Launafli, Reyðarfirði • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO, Selfossi • Miðstöðin, Vestmannaeyjum • Rúnar málari, Grindavík • BYKO, Keflavík

Gleðilegt þegar skemmtileg tengsl myndast

Þriðja starfsári Erasmus-plús verkefnis í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ lauk fyrir skömmu. „Verkefnið, sem lauk nú sínu þriðja ári, hefur stuðlað að fjölda nýrra vinasambanda og eftir tengsl milli skólanna, en fyrst og fremst er það fræðandi og jákvætt og hefur aukið jákvæðan hróður FG á erlendra grundu, sem og innan hans,” segir Rakel Linda Gunnarsdóttir, kennari og alþjóðafulltrúi í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ í viðtalið við Garðapóstinn, en þriðja starfsári verkefnisins „Nation building in Norway, Iceland and Spain; „mythology, language and cultural heritage“ lauk fyrir skömmu í Garðabæ. Það er Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins sem styrkir verkefnið.

Hópar menntaskólanema frá Noregi og Spáni dvöldu í um vikutíma hjá fjölskyldum í bænum, nú í apríl. Fóru nemendur meðal annars í skólann með íslensku nemendunum og gerðu sér ýmislegt til dundurs, og prófuðu í um vikutíma að lifa eins og Íslendingar. Þá kynntu þeir land, þjóð og sögu fyrir hvort öðru með ýmskonar verkefnum. „Við erum mjög ánægð með útkomuna í ár og þetta gekk mjög vel allt saman,” sagði Rakel Linda, og bætti við að nú stæði yfir umsóknarferli innan skólans, fyrir þátttöku í verkefninu næsta skólaár. „Það komast því miður alltaf færri að en vilja,” segir hún.

Síðastliðið haust fór nemendahópur frá FG til samstarfsborgarinnar Lugo í Galísíu-



Þátttakendur fóru í heimsókn til Bessastaða nú í vor, en því miður var frú Halla Tómasdóttir, forseti, ekki á landinu. Engu að síður fékk hópurinn góða kynningu á þessum merka stað í sögu Íslands

héraði (NV-Spáni) og dvaldi þar í um vikutíma og í janúar á þessu ári fór annar hópur til Lilleström, rétt fyrir utan Osló og dvaldi þar einnig í um vikutíma með norskum skólafélögum. „Í ferðunum kynnast nemendur ekki bara skólastarfi, heldur kynnast þau einnig menningu og sögu landanna og þar eru jú margt sameiginlegt, en einnig hlutir sem eru sérstakir og koma nemendum, ja, spánskt fyrir sjónir, eins og sagt er,” segir hún.

Rakel bætir við að samskiptin og sú vinátta sem verður til, sé þó ef til vill það mikilvægasta. „Á þessum árum er mikið að gera í lífi unglínganna og það er mjög ánægjulegt, ef til verða tengsl og vinátta sem jafnvel endast lífið út.”

Þegar spænski og norski hópurinn komu hingað til lands í apríl kynntust þau skólastarfinu í FG, en einnig var farið í miðbæinn, í sund, í Bláa lónið og fleiri staði. Þá var einnig farin dagsferð, þar sem byrjað var á að þramma undir Seljalandsfoss og svæðið í kringum hann skoðað, meðal annars Gljúfrabú, semeinnig er foss. „Þetta vakti mikla lukku og þó þau blotni aðeins, það bara tilheyrir hér á Íslandi,” segir hún og heldur áfram: „Frá Seljalandsfossi lá svo leiðin á Gullfoss og Geysi, en þetta eru auðvitað náttúrufyrirbæri sem krökkunum finnst mjög gaman að komast í snertingu við og eru jú einstök á heimsvísu, þeim finnst mjög heillandi að sjá þessa gullfallegu staði og búa að því alla ævina.”

Sameiginlegt matarboð, svokallað „Pálinu-boð“ var svo haldið á lokakvöldinu í FG og þar svignuðu borðin undan kræsingum, farið var í karaóke og fleira slíkt. „Það voru allir glaðir og skælbroсандi sem gengu út úr FG þetta kvöldið og þetta setti svona punktinn yfir i-ið í verkefninu í ár, sagði Rakel Linda, en með henni í verkefninu starfa þau Sif Þráinsdóttir, Sigríður Anna Ásgeirsdóttir, Hilmar Þór Sigurjónsson og Gunnar Hólmsteinn Ársælsson.



Barbie fer á Hönnunarsafnið Leiðsögn á síðasta sýningardegi sunnudaginn 1. júní.

Barbie hefur verið gestur á sýningunni Hönnunarsafnið sem heimili undanfarnar vikur. Sunnudaginn 1. júní lýkur þessar skemmtilegur heimsókn með leiðsögn sýningarstjóra Heru Guðmundsdóttur kl. 13.



Hönnunarsafn Íslands fékk til liðs við sig 6 íslenska fatahönnuði sem hönnuðu fatalínu handa Barbie. Hönnuðirnir eru Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir fyrir Kormák og Skjöld, Hildur Yeoman, Sigmundur Páll Freysteinnsson, Seinunn Sigurðardóttir ásamt Arndísi Sigurbjörnsdóttur, Sunna Örlygsdóttir og Thelma Björk Jónsdóttir.

Hönnunarsafn Íslands við Garðatorg er opið alla daga frá kl 12-17 nema mánudaga.

Sama dag kl. 14 verður Fjölskylduleiðsögn á pólsku um sýninguna í umsjón Juliu Pieczonka.

Ljósmynd: Studó Fræ af hönnun Sunnu Örlygsdóttur.



SKRÁNING Á SUMARÆFINGAR GKG

Sumaræfingar GKG fyrir krakka á aldrinum 8-18 ára standa yfir frá **10.06.-22.08.** Hægt er að æfa 1x í viku, 2x í viku eða 3x í viku eftir því sem ykkur hentar!

Í sumargjaldinu er innifalin full aðild í GKG ásamt mótsgjaldi í Meistaramót GKG 2025.

Hlökkum til að sjá ykkur á golfvöllinum í sumar!

ALLAR UPPLÝSINGAR Á WWW.GKG.IS



AS WE GROW
ÍSLENSK HÖNNUN

HAFNARSTRÆTI 19 | ASWEGROW.IS

Styrkur úr Stjörnuhlaupinu til Minningar- og styrktarsjóðs Arnarins

Stjörnuhlaupið 2025 fór fram laugardaginn 17. maí við einstakar aðstæður og með góðri þátttöku.

Í ár var í fyrsta sinn boðið upp á 2 km skemmtiskokk, ætlað fólki á öllum aldri. Markmiðið var ekki keppni eða tímataka, heldur gleði, þátttaka og samvera. Skemmtiskokkið var hugsað sem samfélagslegur viðburður þar sem börn, foreldrar, ömmur og afar gátu gengið eða skokkað saman í hlýlegu vorveðri. Viðbrögðin létu ekki á sér standa, þátttakan fór fram úr björtustu vonum og undirtektir voru afar jákvæðar.

Með þessu framtaki vildi Hlaupahópur Stjörnunnar færa nýja vidd inn í viðburðinn og styðja jafnframt við gott málefni í nær-umhverfinu.

Ákveðið var að allur ágóði af skemmtiskokkinu rynnir til Minningar- og styrktarsjóðs



Frá afhendingunni (f.h.): Árni Möller, formaður Hlaupahóps Stjörnunnar, Matthildur Bjarnadóttir, prestur og verkefnastjóri sjóðsins, Sigurður Guðmundsson, formaður Stjörnunnar og Agnar Jón Ágústsson, verkefnastjóri Stjörnuhlaupsins

Arnarins, sem hefur aðsetur í Vídalínskirkju og styður við börn og ungmenni sem glíma

við veikindi, missi eða aðrar áskoranir í lífinu.

Alls voru fjórar vegalengdir í boði í Stjörnuhlaupinu: 11 km, 17 km og 22 km utanvegahlaup um fallegar gönguleiðir í og við Heiðmörk, auk 2 km skemmtiskokksins. Skemmtiskokkið fór fram á malbikuðum stígum frá Miðgarði, um Hnoðraholtið og Bæjargil, og endaði við Miðgarð.

Hlaupið fór fram við einstakar aðstæður, sól, hlýtt veður og bjart yfir. Þátttakendur voru með bros á vör, nutu útiverunnar og góðrar samveru í fallegu umhverfi. Að loknu hlaupi tók fólk saman höndum við Miðgarð, þar sem boðið var upp á veitingar og verðlaunaafhendingu í skemmtilegri stemningu. Andrúmsloftið einkenndist af

gleði, jákvæðni og samhug, nákvæmlega því sem Stjörnuhlaupið stendur fyrir.

Þriðjudaginn 27. maí fór síðan formleg afhending styrksins fram í Stjörnuheimilinu. Þar afhenti Sigurður Guðmundsson, formaður Stjörnunnar, Minningar- og styrktarsjóði Arnarins styrkinn fyrir hönd hlaupsins og íþróttafélagsins Stjörnunnar. Við afhendinguna sagði Sigurður: „Skemmtiskokkið hefur alla burði til að verða skemmtilegur samfélagslegur viðburður fyrir alla, unga sem aldna. Það snýst ekki um hraða

heldur samveru og gleði. Það gleður okkur að tengja það við svona mikilvægt málefni.“

Matthildur Bjarnadóttir, prestur í Vídalínskirkju og verkefnastjóri sjóðsins, tók við styrknum og þakkaði fyrir hönd félagsins: „Það skiptir miklu máli fyrir okkur að finna stuðning úr nærumhverfinu. Við erum þakklát fyrir þetta framlag og gleðjumst yfir því að hluti Stjörnuhlaupsins hafi farið í þágu barna og ungmenna sem þurfa aðstoð og aðgát á erfiðum tímapunkti í lífinu. Þetta sýnir að hlaup getur fært von og samhug.“

SKIPULAGSMÁL Í GARÐABÆ OG KÓPAVOGI

ARNARNESVEGUR - DEILISKIPULAG

Bæjarstjórnir Kópavogs og Garðabæjar hafa samþykkt lýsingu fyrir gerð deiliskipulags fyrir Arnarnesveg í samræmi við 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsgerðin nær til tveggja svæða á Arnarnesvegi, annarsvegar 1,6 km kafla milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar og hinsvegar 1,1 km kafla á milli Fífuhammsvegar og Rjúpnavegar og verður um tvær aðskildar áætlanir að ræða.

Deiliskipulagssvæðið milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar er innan lögsögu Garðabæjar og Kópavogsbæjar og verður því um sameiginlega deiliskipulagsáætlun að ræða. Deiliskipulagssvæði milli Fífuhammsvegar og Rjúpnahæðar er innan lögsögu Kópavogs.

Deiliskipulagslýsingin er aðgengileg á vef Garðabæjar og Kópavogs og á vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is, Arnarnesvegur milli Hafnarfjarðarvegar og Reykjanesbrautar (mál: 660/2025) og Arnarnesvegur milli Fífuhammsvegar og Rjúpnavegar (mál: 717/2025).

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gerfinn kostur á að senda inn rafrænar ábendingar til og með 18. júní 2025 í gegnum vef skipulagsgáttar, www.skipulagsgatt.is.



Kópavogsbær



BÍLASALA GARÐABÆJAR

NOTAÐIR BÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Við búum yfir áratuga reynslu og erum tilbúnir að aðstoða þig.

baejarbilar.is



BMW X1 xDRIVE 25e M-Sportpakki
Nýskráður: 05/2022 Ekinn: 88 þ.km.
Bensín/rafmagn, sjálfskiptur
Raðnúmer: 647321

Verð: 4.990.000 kr.



HYUNDAI KONA EV Premium 64 kWh
Nýskráður: 11/2021 Ekinn: 50 þ.km.
Rafmagn, sjálfskiptur
Raðnúmer: 573014

Verð: 3.790.000 kr.



MAZDA CX-5 Optimum BOSE AWD
Nýskráður: 06/2018 Ekinn: 158 þ.km.
Dísil, sjálfskiptur
Raðnúmer: 499046

Verð: 2.890.000 kr.



KIA Sportage STYLE PHEV
Nýskráður: 03/2023 Ekinn: 98 þ.km.
Bensín/rafmagn, sjálfskiptur
Raðnúmer: 336808

Verð: 5.290.000 kr.



TOYOTA RAV4 GX AWD dísil 2,2
Nýskráður: 03/2014 Ekinn: 174 þ.km.
Dísil, sjálfskiptur
Raðnúmer: 302136

Verð: 1.990.000 kr.



NISSAN MICRA Acenta
Nýskráður: 05/2022 Ekinn: 107 þ.km.
Bensín, sjálfskiptur
Raðnúmer: 268347

Verð: 1.990.000 kr.



TOYOTA AYGO X
Nýskráður: 04/2023 Ekinn: 66 þ.km.
Bensín, beinskiptur
Raðnúmer: 435654

Verð: 1.980.000 kr.



LAND ROVER Discovery SE D250
Nýskráður: 07/2022 Ekinn: 93 þ.km.
Dísil/rafmagn, sjálfskiptur
Raðnúmer: 823154

Verð: 11.890.000 kr.



Við hittum á góðu blöndu, það var trú í hópnum og þá er allt hægt

- segir Baldur Þór Ragnarsson þjálfari Íslandsmeistara Stjörnunnar í körfuknattleik

„Við erum með Jesú með okkur hérna,” sagði Baldur Þór Ragnarsson í sigurvímu eftir að hafa leitt Stjörnuna til sögulegs Íslandsmeistaratitils í körfuknattleik karla, þann fyrsta í sögu félagsins eftir magnaðan sigur í oddaleik á Tindastóli á Sauðárkróki í síðustu viku.

Það sem gerir þennan árangur enn sætari og eftirminnilegri er að þetta er fyrsta tímabil Baldurs Þórs sem aðalþjálfari liðsins, en hann tók við liðinu í apríl í fyrra, og sú stefna sem hann kom með til Garðabæjar; að veðja á íslenska leikmenn virkaði. Á meðan önnur lið Bónusdeildarinnar studdust mikið við erlenda atvinnumenn, þar á meðal Tindastóll með sitt „þungvopnaða útlendingalið”, tefldi Stjarnan aðeins fram tveimur erlendum leikmönnum.

Þjálfarinn sem áður var í þjálfarateymi Þórs Þorlákshafnar og stýrði svo bæði Tindastóli og Ratiopharm Ulm í Þýskalandi áður en hann kom til Stjörnunnar, hefur með framsæknum hugsunarhætti og stóru hjarta, unnið hug Garðabæinga og nú Íslandsmeistaratitilinn líka.

Stjarnan byrjaði Íslandsmótið mjög vel, en svo fór að halla undan fæti þegar leið á mótið og í raun var Stjarnan ekki efst á blaði þegar spáð var um fyrir úrslitakeppnina hverjir yrðu Íslandsmeistarar. En eins og áður segir sýndu leikmenn Stjörnunnar, Ragnar Þór og hans teymi mikinn styrk, jafn líkamlegan sem andlegan og þeir tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn fyrir fullu húsi á gríðarlegum sterkum heimavelli Tindastóls, sem hafði aðeins tapað einum leik á heimavelli í allan vetur og það var í fyrsta leik Íslandsmótsins.

En hvað segir þjálfari Íslandsmeistaranna nú þegar hann hefur fengið að sofa aðeins á þessum árangri. Hefur þú einhvern tímann farið í gegnum jafn erfiðan leik, þar svona mikið er undir, eins og í oddaleiknum gegn Tindastóli, var ekkert erfitt að halda fókusi? „Þetta var mjög erfitt, en gaman á sama tíma. Maður verður að halda fókusi, það er ekkert annað í boði á þessum stundum,” segir Baldur Þór.

Hvernig myndir þú lýsa þessari sigurtilfinningu, að vinna Íslandsmeistaratitilinn í fyrsta sinn, á þínu fyrsta tímabili sem þjálfari Stjörnunnar og jafnframt var þetta fyrsti Íslandsmeistaratitill Stjörnunnar, þetta er stórt? „Þetta er fyrst og fremst léttir og ósvikinn gleði.”

trúi á hann,” segir Baldur, en Gunnar Már kom inn í sjúkrateymið í úrslitakeppninni.

Spennandi að þjálfra hjá Stjörninni
Ef við spólum rúmt ár til baka. Hvað var það sem heillaði þig við verkefnið



Íslandsmeistarateymið! Ármann Múli Karlsson, Hilmar Þór Hilmarsson, Gunnar Már Másson, Baldur Þór Ragnarsson, Jóhannes Már Marteinsson, Illija Omrcen, Ingi Þór Steinþórsson

Er ekki ánægjulegt og ertu í raun ekki stoltur af því að hafa skrifað sögu Stjörnunnar upp á nýtt, fyrsta Íslandsmeistaratitill félagsins í meistaraflokki karla í körfuknattleik? „Jú, það er ekki annað hægt enn að vera stoltur, goðsagnakenndur segir Silfurskeiðin,” segir Baldur brosandi.

Hann læknar fólk og ég trúi á hann
Í sigurvímu eftir leikinn léstu þau orð falla að „Jesú hafi verið með ykkur“, viltu útskýra það nánar? „Gunnar Már, hann er Jesú. Hann læknar fólk og ég

hjá Stjörninni þegar þú samdir við félagið í apríl í fyrra og af hverju vildir þú koma heim aftur frá Þýsklandi þar sem þú þjáfaðir? „Stjarnan er búin að gera rosalega vel sem klúbbur þegar kemur að körfubolta og það er virklega spennandi að starfa sem þjálfari hjá félaginu.”

En var Íslandsmeistaratitill raunhæft markmið í byrjun eða ætlaðir þú að gefa þér lengri tíma til að byggja liðið upp? „Mér fannst það raunhæft, við hittum á góðu blöndu, það var trú í hópnum og þá er allt hægt.”

Af hverju ákvaðst þú að leggja áherslu á íslenska leikmenn frekar en að fylla hópinn af erlendum leikmönnum eins og flest önnur lið? „Ég gat fengið íslenska leikmenn til liðs við félagið og ef þú færð Hilmar og Orra úr atvinnumennsku, sem eru með mikil gæði, þá er þarftu ekki marga erlenda leikmenn.”

Það koma alltaf dýfur og hæðir
Eftir mjög sterka byrjun og þá virtist liðið dala töluvert er leið á mótið, liðið missti taktinn. Hvað olli því og var ástæðan m.a. sú að þið bættuð við ykkur 37 ára gömlum fyrrverandi landsliðsmanni Slóvena í janúar, en á þessum tímabili voru flest liðin að bæta við sig erlendum leikmönnum, sem höfðu leikið í NBA deildinni, sem var mikill liðsstyrkur fyrir þau á meðan þið senduð Slóvenan aftur heim eftir stutta dvöl. Voru þetta vonbrigði og riðlaði þetta leik ykkar töluvert á þeim tíma þar sem þið voruð að reyna að koma honum inn eða var það eitthvað annað? „Við töpuðum nokkrum leikjum á þessum tíma, en vorum samt ekkert að spila illa. Hittinn var minni en fyrir áramót og svona er boltinn, það koma dýfur og svo aftur hæðir og við toppuðum á réttum tíma.”

List vel á nýju reglurnar
Ertu fylgjandi nýrri reglu um erlenda leikmenn, 4+1 (þarf alltaf að vera einn Íslendingur inná) sem tekur gildi á næsta tímabili? „Já, mér list bara vel á þessa nýju reglu, 4 erlendir leikmenn hjá hverju liði er bara flott.”

En hvernig hefur verið að vinna með þessum drengjum, hvað gerir þetta Stjörnuliði sérstakt? „Það er einfalt, orka, samvinna og fókusi.”

Hlynur Bærings er að hætta, en ætlar þú að reyna að halda sama kjarna fyrir næsta tímabil eða eru breytingar framundan? „Reyna að halda í kjarnann og bæta í, engin spurning.”

Væri til að halda Febres og Rombley
Hvað ætlið þið að gera varðandi erlendu leikmenn Stjörnunnar, þá Jase Febres og Shaquille Rombley, þeir

virtust falla mjög vel inn í leik liðsins? „Þeir eru frábærir, geggjáðar persónur og ég væri til í að halda þeim áfram.”

Fullt af efnilegum leikmönnum í yngri flokkum Stjörnunnar
Eru einhverjir ungir leikmenn úr yngri flokkum Stjörnunnar sem þú sérð fyrir þér í stóru hlutverki á næstu árum? „Já, það er fullt af efnilegum leikmönnum í yngri flokkum Stjörnunnar sem gætu orðið meistaraflokksleikmenn ef þeir leggja mikið a sig.”

Deila búnigsklefa og sturtum með kvennaliðinu
Hvað með aðstöðumál og aðbúnað hjá Stjörninni, er eitthvað sem þú vilt sjá bætt varðandi aðstöður og aðbúnað liðsins? „Já, það væri fínt að meistara-flokkar karla og kvenna væru ekki í sama klefanum og notuðu sömu sturtarnar.”

Hvað segir þú svo um sumarfrí hjá þér sjálfum, hvar og hvernig ætlar þú að slaka á eftir þetta magnaða tímabil og nærðu körfunni einhvern tímann úr hausnum á þér? „Ég er farinn til Tenerife, mun slökkva á símanum og knúsa konuna mína og barn rosalega mikið.”

Reynum að endurtaka leikinn að ári
Hvenær byrjar svo undirbúningur fyrir næsta tímabil og eru markmiðin þegar orðin skýr? „Við tökum fjórar vikur í frí núna og svo byrjum við að æfa aftur. Svo reynum við að endurtaka leikinn á næsta ári.”

Og hvaða áhugamál á Baldur Þór önnur en vinnu hans og aðaláhugamál, körfuna, eitthvað annað sem kemst að? „Nýt þess að fara í sjósund, taka útihlaup og veiða sem dæmi.”

Er að lenda en tók svo flugið!
Og að lokum, það eru nokkrir dagar liðnir frá því að Íslandsmeistaratitilinn kom í hús, ertu kominn niður á jörðina eða svífur enn um með Jesú? „Ég er að lenda,” segir Baldur, þjálfari Íslandsmeistara Stjörnunnar, rétt áður en hann tók flugið á ný á leiðinni í kærkomið frí með fjölskyldunni.

SAMSUNG

1993



Til hamingju!

2025

samsungmobile.is

Stjarnan Íslandsmeistari í körfuknattleik 2025



Myndirnar úr leik Stjórnunnar og Tindastóls tók Jói í Sporhero fyrir Garðapóstinn. SportHero hefur frá árinu 2010 myndað börn í íþróttum. Myndirnar eru í boði á vefsíðunni: sporthero.is M.a. er hægt að útbúa myndirnar með nöfnum og upplýsingum um barnið og setja á ýmsan varning sem í boði er.

Til hamingju með Íslandsmeistaratitilinn

 BORGAR AFL	 BÓKASAFN GARÐABÆJAR	 Fjölbrautaskólinn í Garðabæ	 HYUNDAI	 ODDUR GOLFKLÚBBURINN
 VAL - ÁS ehf Heildverslun / Wholesales	 Landsprent	 Endurskoðun & ráðgjöf ehf. Garðatorgi 7 • 212 Garðabær Sími 544 8989 • cpa@cpa.is • www.cpa.is	 RAFBOÐI	 GARÐABÆR



BESTIR Á ÍSLANDI! TIL HAMINGJU MEÐ ÍSLANDSMEISTARATITILINN



K.C.[®] - MÁLUN

kcarter@internet.is
GSM: 691-7979

Kristmundur Carter - Málarameistari

MÁLNING·SPARTSL·VEGGFÓÐUR·FLÍSALÖGN

Engin einstaklingsframmistaða skilar svona árangri ein og sér, þetta var liðsheildin

- segir verðmætasti leikmaður Bónusdeildarinnar, Ægir Þór Steinarsson fyrirliði Íslandsmeistara Stjörnunnar

„Leiðtogi, leikstjórnandi og verðmætasti maðurinn.“ Þannig má með sanni lýsa Ægi Þór Steinarssyni, fyrirliða Stjörnunnar í körfuknattleik, sem lyfti Íslandsmeistaratitlinum á loft í síðustu viku eftir magnaða leiki gegn Tindastóli.

Ægir, sem sneri aftur í herbúðir Stjörnunnar sumarið 2023 frá Spáni, átti stórleik í seríunni, þrátt fyrir að hafa verið ósáttur við leik sinn í odddaleiknum, þá gerði hann sér m.a. lítið fyrir og setti 37 stig í öðrum leik liðannan sem fram fór í Garðabæ auk þess að taka 7 fráköst og gefa jafn margar stoðsendingar.

Með 20,2 stig, 7,4 stoðsendingar og 5,2 fráköst að meðaltali í úrslitakeppninni var hann lyklimaður í velgengni Stjörnunnar og fékk verðlaun sem verðmætasti leikmaður úrslitakeppinnar að launum eftir lokaleikinn í síðustu viku. Nú þegar dregið hefur til tíðinda, eftir fimm frábæra leiki, og Íslandsmeistaratitillinn er kominn í hús í fyrsta sinn í sögu Stjörnunnar, heyrðum við hljóðið í Ægi um sigurinn, liðið og það sem fram undan er.

Forréttindi að fá að leiða þennan hóp

Hvernig var að spila með þessum leikmönnum í Stjörnunni á þessu tímabili? „Það var virkilega gefandi. Þetta var hópur sem náði vel saman, bæði innan og utan vallar. Stemningin í kringum liðið var jákvæð og við byggðum upp mikinn karakter sem skilaði sér þegar mest á reyndi. Það var forréttindi að fá að leiða þennan hóp,” segir Ægir Þór.



Hvað telur þú hafa verið lykilinn að því að liðið náði alla leið og varð Íslandsmeistari? „Trúin sem við höfðum á hvor öðrum og verkefninu frá fyrsta degi. Við vissum að við þyrftum að leggja alla vinnu í þetta og vera samstilltir og það var það sem við gerðum. Engin einstaklingsframmistaða skilar svona árangri ein og sér, þetta var liðsheildin.”

Samheldnin klárlega ein af okkar helstu styrkleikum

Var mikill samheldni innan hópsins og hvað gerði liðið að þessari sterku heild? „Já, samheldnin var klárlega ein af okkar helstu styrkleikum. Við treystum hver á annan og það var engin spurning um egó eða hver væri fremst, allir drógu vagninn. Það skapaði sterk tengsl og sameiginlega ábyrgð sem færði okkur alla leið.”

Var bara hluti af ferlinu

Sumir töldu að liðið hafi koðnað aðeins niður þegar leið á Íslandsmótið, ertu sammála því og hvað olli því að þið náðuð ykkur aftur á strik? „Við áttum nokkra erfiða leiki undir lokin og ég skil vel að fólk hafi spurt sig hvort við værum að missa dampinn. En fyrir okkur innan hópsins var þetta bara hluti af ferlinu, við vissum hvað þurfti að laga og hvernig við gætum mætt ferskir til leiks í úrslitakeppnina. Og það tókst.”

Steig upp þegar mest á reyndi Og hvað með þig sjálfan. Ertu ánægður með þína eigin frammistöðu í úrslitakeppninni og heilt yfir á tímabilinu? „Já, ég er ánægður. Ég setti mér há markmið og fann að ég steig upp þegar mest á reyndi. Ég vildi leiða með fordæmi, bæði í orðum og gjörðum og

fann að mín frammistaða hjálpaði liðinu þegar mest þurfti.”

Hvernig er svo tilfinningin að vera valinn verðmætasti leikmaður úrslitakeppinnar? „Það er heiður og mér þykir vænt um það. Þetta er vissulega einstaklingsverðlaun en þau endurspeglar líka vinnuna sem allt liðið lagði á sig. Ég hefði ekki getað spilað svona ef ekki væri fyrir stuðninginn, bæði frá liðsfélögum og þjálfurum.”

Þetta var hópur sem vildi vinna Hver var stærsta áskorunin sem fyrirliði í þessu verkefni, var þetta þægilegur eða erfiður hópur? „Þetta var hópur sem vildi vinna og það gerir hlutverk fyrirliða bæði auðvelt og krefjandi. Stærsta áskorunin var að halda öllum beintengdum við markmiðin þegar álagið

var mest og líka að hvetja menn áfram þegar hlutirnir gengu ekki eins og við vildum.”

Á ár eftir að samningnum og elskar að vera í Stjörnunni

Ertu enn samningsbundinn félaginu og ætlar að halda áfram með Stjörnunni eða opinn fyrir nýjum áskorunum innanlands eða erlendis? „Ég á eitt ár eftir af samningi við Stjörnuna og ég elska að vera þar.”

Og þér hlýtur að líða vel hjá Stjörnunni og í Garðabæ þar sem þú komst aftur eftir dvöl þína á Spáni? „Algjörlega, það hefur verið frábært að koma heim og tengjast félaginu og samfélaginu aftur. Það hefur verið endurnærandi bæði í körfuboltanum og persónulega.”

Tekur ekki langan tíma þar til maður fer aftur í æfingagírinn

En hvernig ætlar svo fyrirliðinn og verðmætasti leikmaður úrslitakeppinnar að njóta sumarsins, Stjarnan í frí en getur þú tekið frí frá eigin æfingum? „Ég ætla að leyfa mér aðeins að slaka á, eyða tíma með fjölskyldunni og hlaða batterið. En ég veit líka að það tekur ekki langan tíma þar til maður fer aftur í æfingagírinn. Það eru alltaf ný markmið fram undan.”

Hvað sem framtíðin ber í skauti sér, þá er hungrið ennþá til staðar Feginn að þetta er búið, gott að komast í frí eða farinn að fókusa á næsta ár? „Ég er þakklátur og stoltur yfir hvernig tímabilið fór, en ég er líka strax farinn að hugsa um næsta skref. Hvað sem framtíðin ber í skauti sér, þá er hungrið ennþá til staðar,” segir verðmætasti leikmaður Bónusdeildarinnar, Ægir Þór Steinarsson fyrirliði Íslandsmeistara Stjörnunnar.



Til hamingju með Íslandsmeistaratitlinn






Umhyggja og E. Sigurðsson byggingarfélag óska meistaraflokki karla og yngri flokkum Stjörnunnar innilega til hamingju með árangurinn á tímabilinu!

Að vinna Íslandsmeistaratitla bæði í efstu deild og yngri flokkum er stórkostlegt afrek sem endurspeglar þann metnað og kraft sem Stjarnan hefur sett í störf sín undanfarin ár.

Það er innblástur að sjá hvernig þrautlaus vinna, samstaða og metnaður bera ríkulegan ávöxt, bæði hjá reyndum leikmönnum og framtíðarstjórnunum í yngri flokkum.

Við hjá Umhyggju og E. Sigursson byggingarfélagi erum stolt af því að fylgja ykkur á þessari sigurgöngu og hlökkum til að sjá enn meira frá ykkur í framtíðinni.

Til hamingju með íslandsmeistaratitlana – skíni Stjarnan!



E.SIGURÐSSON
BYGGINGARFÉLAG



Umhyggja

FÉLAG LANGVEIKRA BARNA


Stjarnan Íslandsmeistari í körfuknattleik 2025



1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24



Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22



www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglum þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla,- íþróttá- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.

Sumarveisla Hyundai

Pylsur, eðalkaffi og frumsýning
á afmælisútgáfu Tucson



Líf og fjör í Kaптúni frá 12-16 á laugardag!

Velkomin í sumarveislu Hyundai. Þar sýnum við sérstaka afmælisútgáfu Tucson sem fagnar 20 ára velgengni.

Veitingar og andlitsmálun fyrir krakkana og óvæntur glaðningur fyrir 50 fyrstu sem reynsluaka Tucson, Santa Fe, KONA EV eða einhverjum af hinum bílunum okkar. Við hlökkum til að sjá þig og fjölskylduna!



Hyundai | Kaптúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Átta ár/160.000 km ábyrgð er á rafhlöðum. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.